



Hluthafafundur Landsbankans hf.

4. maí 2015

## Fundargerð

Hluthafafundur Landsbankans hf. var haldinn mánudaginn 4. maí 2015 kl. 17:00 í Austurstræti 11 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Tillaga um ráðstöfun á eigin hlutum
2. Önnur mál

Fundurinn hófst með því að Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Tryggvi gerði það að tillögu sinni að Pétur Guðmundarson, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Pétur Guðmundarson tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að löglega hafi verið boðað til fundarins en hluthafafundir væru lögmætir ef réttilega væri til þeirra boðað án tillits til fundarsóknar en á fundinum væru mættir hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem færu með 99,223% af hlutafé félagsins. Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Tillaga um ráðstöfun á eigin hlutum

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um ráðstöfun á eigin hlutum:

*Hluthafafundur samþykkir að Landsbankanum hf. sé heimilt að ráðstafa eigin hlutum til þess að inna af hendi endurgjald vegna kaupa bankans á öðrum fjármálfyrirtækjum hér á landi eða samruna slíkra félaga við bankann.*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var síðan borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins en fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls



undir þessum lið.

Fundargerð var síðan upplesin. Engar athugasemdir bárust.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 17:10.

Pétur Guðmundarson hrl.

Fundarstjóri

Kristinn Briem

Fundarritari